

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag svæðisins felst í því, að byggingarreitur hefur verið stækkaður lítillega á lóðinni Kirkjulundur 17. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 2. nóvember 1998.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

3. nóvember 1998

Nr. 649

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag á Egilsstöðum.

Á fundi bæjarstjórnar Austur-Héraðs 19. maí 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Randaberg í Eiðapinghá. Í breytingunni felst að samþykkt er að byggja tvær gestastofur á lóð íbúðarhússins að Randabergi.

Tillagan var auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 19. ágúst til 19. september 1998, yfirfarin af Skipulagsstofnun og staðfest skv. 3. mgr. 25. gr. sömu laga.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Egilsstöðum, 3. nóvember 1998.

Guðmundur Pálsson bæjartæknifræðingur.

9. nóvember 1998

Nr. 650

AUGLÝSING

um deiliskipulag umhverfis Kasthúsátjörn og að Bessastaðatjörn í Bessastaðahreppi.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 13. október 1998 deiliskipulag umhverfis Kasthúsátjörn og að Bessastaðatjörn í Bessastaðahreppi. Svæðið er skipulagt sem náttúruverndarsvæði á landspildu sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreind sem óbyggt svæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Bessastaðahreppi, 9. nóvember 1998.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.